



Áfangalýsing ML

Titill:	Afþreying, yndislestur og skapandi skrif
Námsgrein:	Íslenska
Viðfangsefni:	Nútímabókmenntir, lestur og skapandi skrif
Skammstöfun:	ÍSLE3NS05
Prep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum lesa nemendur fjölbreyttar bókmenntir sér til yndis og afþreyingar. Þeir velja verk sem höfða til þeirra og setja saman sína eigin lesáætlun. Nemendur kynnst einnig mismunandi tegundum texta og bókmenntahugtökum. Nemendur skrifa lesdagbók þar sem þeir hugleiða og túlka bókmenntaverkin og taka þátt í umræðum og kynna sínar bækur. Nemendur kynnst einnig stuttlega frásagnarhætti kvikmynda. Áætluð er ein bíóferð til Reykjavíkur með viðkomu á listasafni. Þá semja nemendur einnig sín eigin verk s.s. ljóð, smásögur, grínþætti, örleikrit eða annað sem hugurinn stendur til. Umræður, kynningar, rökræður og listgjörningar fara m.a. fram í kennslustundum og er ætlast til góðrar þátttöku nemenda.
Forkröfur:	ÍSLE3RD05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• mismunandi bókmenntategundum• grunnhugtökum í bókmenntafræði• helstu einkennum íslensks máls sem nýtist í ræðu og riti• stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu• orðaforða sem nægir til að lesa helstu nútímaverk íslenskrar bókmenntasögu• helstu hugtökum sem nýtast við skapandi skrif
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• lesa sér til gagns og gamans ýmsar gerðir ritaðs máls og fjalla um inntak þeirra• beita gagnrýninni hugsun og koma skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt• nota helstu bókmenntahugtök• skilja og nota viðeigandi málsnið, stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli• vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar á sjálfstæðan hátt• beita innsæi og ímyndunarafli í ræðu og riti
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• vera gagnrýninn í hugsun og hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi• þroska bókmenntasmekk sinn og lesa sér til ánægju



	<ul style="list-style-type: none">• átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og túlka dýpri merkingu texta• rökræða bókmenntaverk, t.d. siðferðileg álitamál• átta sig á samfélagslegri skírskotun og meðtaka dulinn boðskap og hugmyndir• skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum• sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum <p>átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná duldum boðskap og hugmyndum skrifa skýran og vel uppbyggðan texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum</p>
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.